




Mál: Lyngháls 1 - leyfi fyrir gámatjald

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. nóvember 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. nóvember 2023 þar sem sótt er um stöðuleyfi til að setja upp gámatjald á lóð nr.1 við Lyngháls.



Skipulagsleg staða:

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er svæðið skilgreint sem atvinnusvæði AT2. Í gildi er heildardeiliskipulag „Hálsahverfi“ fyrir svæðið samþykkt 26.9.2000. Samþykkt var breyting fyrir lóðina árið 2020. Í gildandi skipulagi eru tveir byggingareitir og hámarks nýtingahlutfall er 1.1.



Umsögn

Vísað er í fyrri umsögn þar sem bent var á að tjaldhýsið skal staðsetja innan byggingareits sem er afmarkaður á gildandi deiliskipulagi. Samkvæmt uppfærðum teikningum er tjaldhýsið staðsett innan byggingarreits.

Í greinagerð gildandi deiliskipulags segir „Ef um fleiri en eina byggingu er að ræða innan lóðar skal samræma útlit og efnisval þeirra.“

Niðurstaða

Útlit og efnisval tjaldhýsis er ekki í samræmi við núverandi byggingar á lóðinni og samræmist þar af leiðandi ekki skilmálum deiliskipulags. Endurskoða þarf útlit og efnisval tjaldhýsis með tilliti til byggingarinnar sem fyrir er á lóðinni.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hrönn Valdimarsdóttir

